

ÁRSSKÝRSLA 2024





ÁRSSKÝRSLA 2024

Framhaldsskólinn í Austur- Skaftafellssýslu er staðsettur á Höfn í Hornafirði og hefur verið starfræktur frá árinu 1987.



Ársskýrsla þessi er unnin fyrir mennta- og barnamálaráðuneytið (MRN) og er í henni að finna yfirlit yfir hlutverk og markmið, jafnframt því helsta sem unnið hefur verið á árinu. Greint verður frá því hvernig unnið hefur verið að þeim markmiðum sem skólinn hefur sett sér, auk þess koma fram ýmsar tölulegar upplýsingar sem varða starfið. Skólameistari er Lind Draumland Völundardóttir og aðstoðaskólameistari er Herdís Waage. Skýrslan er unnin af þeim en uppsetningu annast Tim Junge.

Hlutverk og markmið

Í lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008 segir að hlutverk skóla sé að stuðla að alhliða þroska allra nemenda svo þeir verði sem best undirbúnir til þess að taka virkan þátt í jafnréttis- og lýðræðissamfélagi. Framhaldsskólinn í Austur- Skaftafellssýslu vinnur að því að efla frumkvæði, þrautseigju og víðsýni nemenda sinna. Nemendur þjálfast í sjálfstæðum vinnubrögðum og því að taka ábyrgð á eigin námi og lífi. Ásamt því að leitast við að þroska menningarlæsi, gagnrýna hugsun nemenda, auka söguskilning og alla bóklega getu, þá er einnig lögð áhersla á það að vera góður félagi, setja sig í spor annarra og að vera þátttakandi bæði í félagslífi og öðrum viðburðum á vegum skólans. Íþrótta- og listastarf er blómlegt og við lítum björtum augum á framtíðina.

6

Eitt aðalmarkmið, sem og hlutverk skólans, er að þjóna nærumhverfi sínu, en skólinn er staðsettur á Höfn í Hornafirði. Hér í sveitinni verða samfélagsbreytingar á pari við þær sem verða annars staðar í heiminum, sem sagt að samsetning nemendahópsins er sífellt að breytast og þarfir samfélagsins einnig. Stjórnendur, kennarar og aðrir starfsmenn leggja sitt af mörkum til að fylgja breyttum tíðaranda og þörfum samfélagsins af bestu getu. Á árinu 2023 hófst undirbúningur fyrir nýtt afreksíþróttasvið við skólann en fyrstu nemendurnir voru teknir inn á sviðið haustið 2024. Afreksíþróttasviðið hefur gefið góða raun. Einnig hefur verið starfandi starfshópur við mótnun nýrrar starfsbrautar og tók skólinn inn nemendur eftir nýju skipulagi haustið 2024 þó brautin sé enn í þróun. Nemendur munu útskrifast af nýrri starfsbraut vorið 2027.



Stefna

Haustið 2024 var lögð fram ný stefnuáætlun til þriggja ára og nær stefnuskjalið yfir tímabilið 2024-2027. Í þeirri stefnumótun leggur Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu fram fimm markmið um kjarnastarfsemi skólans sem unnið er að.

Starfsemi

Kjarnastarfsemi

FAS er framhaldsskóli og sem slíkur er kjarnastarfsemin hans nám í fjölbreyttustu merkingu þess orðs til stúdentsprófs eða annarra viðurkenndra námsloka. Skólinn starfar eftir lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008 og gildandi aðalnámskrá. Náms tími er sveigjanlegur 3-4 ár en stefna skólans er að flestir ljúki stúdentsprófi á þremur árum. Boðið er upp á nám á hug- og félagsvísindabraut, náttúru- og raunvísindabraut, kjörnámsbraut og framhaldsskólabraut þar sem sérhæfingin er valin í samráði við nemendur. Sérhæfing getur verið, íþróttasvið með áherslu á afreksíþróttir eða listasvið með áherslu á sjónlistir, sviðslistir eða kvikmyndagerð. Einnig er við skólann starfandi starfsbraut.

Hafin var vinna sem leidd var af starfshóp um endurskipulagningu námsframboðs í skólanum. Sérstaða skólans felst að hluta til í staðsetningu, en auk náms og kennslu á framhaldsskólastigi er skólinn í skipulögðu samstarfi um rekstur



Nýheima og Vöruhússins. Nýheimar er vettvangur skapandi samvinnu í menntun, menningu, rannsóknum og nýsköpun. Vöruhúsið er vettvangur frumkvöðla og skapandi greina á Hornafirði í samvinnu FAS og Sveitarfélagsins Hornafjarðar. Endurritun á skólanámskrá er langt komin og verður sýnileg á vef skólans fyrir áramót 2025. Þessi vinna helst í hendur við endurskipulagningu á vef skólans og endurskrifun námsbrauta.

Skólinn hefur fengið leyfi hjá Umhverfisstofnun til kennslu á landvarðanámi, en það er starfsréttindánám fyrir nemendur 18 ára og eldri. Samhliða þessu er í undirbúningi að bjóða upp á tvo útivistaráfanga, sem verða á íþróttasviði og gilda sem val til stúdentsprófs. Í FAS er lögð áhersla á sí- og leiðsagnarmat.

Markmið kjarnastarfsemi

- Fjölga útskriftarnemum af stúdentsbrautum sem eru; hug- og félagsvísindabraut, kjörnámsbraut og náttúru- og raunvísindabraut. Höfuðmarkmið stofnunarinnar er að sem flestir nemendur sem útskrifast úr grunnskóla Hornafjarðar gerist nemendur í FAS (2022-50%, 2023-75%, 2024-92%). Annað höfuðmarkmið er að þjónusta stofnunarinnar sé með því móti að nemendur klári nám og útskrifist. Til þess að ná þessu markmiði er samstarf við Grunnskóla Hornafjarðar lykilatriði. Það verkefni er í höndum náms- og starfsráðgjafa og stjórnenda skólans.



- Fjölga útskriftarnemum úr list- og verknámi.

Þetta hefur verið eitt af meginmarkmiðum skólans í nokkur ár. Nú viljum við skoða hvort samþætting námsgreina til dæmis með STEAM sé leið sem getur gagnast skólanum vel með fyrirhugaðar breytingar á námsframboði skólans í huga.

Í stjórnendateymi skólans er verið að leggja grunninn að grunnnámi í ýmsum verkgreinum og eru viðræður hafnar við fyrirtæki á svæðinu um grunnnám málmiðna.

- Samhæfing þjónustu fyrir viðkvæma hópa.

Ný starfsbraut FAS hefur verið í vinnslu allt síðastliðið ár. Þeirri vinnu er svo til lokið og gert ráð fyrir að henni verði lokið á á vorönn 2025. Fyrst var tekið inn á starfsbraut í núverandi formi haust 2024 þó þróunarvinna væri í fullum gangi en þá innrituðust tveir nemendur og voru tveir fyrir. Gert er ráð fyrir því að haust 2025 verði 6 nemendur innritaðir á starfsbraut, þannig að nemendur verði þá 10 í allt á starfsbraut.

Skólinn bauð upp á staðnám í ÍSAN á haustönn 2024 og hefur sú tilraun gengið vel og munum við halda því áfram. Við höfum einnig verið að kenna ÍSAN á starfsbraut frá því í haust.

- **Þróun iðn- og tæknináms.**

Að byggja upp verk- og tæknináms á svæðinu krefst samtals við atvinnulífið. Við erum tilbúin í það samtal, bæði við atvinnulífið í Höfn og aðra skóla á landsbyggðinni. Það hafa farið fram nokkur samtöl og allir eru sammála um að þessu starfi verði haldið áfram. Upphaflega var markmiðið að taka inn nemendur í grunnnám málmiðna að hausti 2025 en það er orðið sýnt að það markmið mun ekki nást en vinnan heldur áfram.

Almennur rekstur

Í öllum rekstri FAS er hugað að því að innra skipulag og allar skipulagsbreytingar styðji við kjarnastarfsemi og miði að auknum gæðum. Hlutfall launa í rekstrarkostnaði er, miðað við stöðuna eins og hún er í dag, 84% af útgjöldum. Hlutfall annars rekstrarkostnaðar er 16% sem skiptist í: húsnæði 5%, rekstrarvörur 1%, aðkeypta þjónustu 5%, ferðir og fundi 2%, rekstrarkostnaður 2% og sértekjur 1%.

Allir starfsmenn á vorönn 2024 eru: 32 í 20,2 stöðugildum. Þar af 28 kennarar og leiðbeinendur í 17,2 stöðugildum. Af þeim eru 14 með kennsluréttindi, sex eru í réttindanámi og sjö eru leiðbeinendur, með mikla sérþekkingu á sínu sviði. Á haustönn er hlutfallið svipað, kennarar eru 31 í 19,3 stöðugildum. Af þeim eru 15 með kennsluréttindi, fimm eru í réttindanámi og átta eru leiðbeinendur, með mikla sérþekkingu á sínu sviði.



Að auki starfa við skólann skólameistari í fullu starfi, aðstoðarskólameistari í 50% starfi, náms- og starfsráðgjafi í 75% starfi, áfangastjóri í 50% starfi, skrifstofustjóri í 100% starfi, matráður í 85% starfi og stuðningsfulltrúi í 75% starfi. Skólameistari, aðstoðarskólameistari, námsráðgjafi og áfangastjóri eru allir einnig í kennslu. Birtar áætlanir og stefnur og skýrslur má finna á heimasíðu skólans.

- **Hagræðing í námsframboði.**

Starfshópur var skipaður á haustönn 2024 og hafði hann að markmiði að endurrita brautir skólans og að laga námsúrval að nýjum brautum. Sú vinna hefur gengið vel og mun starfshópurinn skila af sér um áramót og innleiðing væntanleg á vorönn 2025. Stefnt er að inntöku nemenda eftir nýju kerfi á haustönn 2025.

- **Hagræðing í rekstri fækkun stöðugilda.**

Fjallanám FAS verður ekki í námsframboði skólans á haustönn 2025. Námið fer að öllum líkindum í annað rekstrarform eða verður lagt niður en þá mun stöðugildum fækka í FAS um 6,1 á haustönn 2025.

- **Fækkun yfirvinnutíma.**

Áætlanir gera ráð fyrir fækkun yfirvinnutíma á milli anna um 250 á vorönn 2025 miðað við haustönn 2024. Markmiðið er að engin föst yfirvinna verði greidd í skólanum frá og með haustönn 2025.

Námsframboð

Eftirtaldar brautir voru í boði við skólann 2024: Stúdentsbrautir: hug- og félagsvísindabraut, kjörnámsbraut, náttúru- og raunvísindabraut, framhaldsskólabraut og starfsbraut. Allar stúdentsbrautir hafa sameiginlegan kjarna. Á kjörnámsbraut til stúdentsprófs geta nemendur í samráði við umsjónarkennara valið sér sérhæfingu og áherslur. Á kjörnámsbraut er einnig hægt að velja sérstaka námspakka sem skipulagðir eru sem námssvið kjörnámsbrautar. Sviðin eru; lista- og íþróttasvið. Vélstjórn hefur ekki verið kennd við skólann þetta árið vegna skorts á kennurum. Við skólann var boðið upp á nám í fjallamennsku árið 2024 þar sem kennt var eftir nýrri námskrá frá 2022 sem hefur verið í umfjöllun hjá mennta- og barnamálaráðuneyti.



Vinna með Umhverfisstofnun kláraðist seint á þessu ári og niðurstaðan var að FAS fékk leyfi til að kenna landvörslu. Áfanginn er settur þannig upp að hann er sjálfstætt námskeið sem stendur undir kostnaði. Námið var auglýst í fyrsta skipti í desember 2024 og fengu 36 nemendur pláss, þar af 12 af nemendum í fjallamennskunámi FAS. Þrátt fyrir þetta þurfti að hafna 17 umsóknum. Námið veitir starfsréttindi og er ætlað nemendum sem orðnir eru 18 ára.



Á árinu 2024 er námsframboð það sama og hefur verið, en á haustönn 2024 hóf starfshópur vinnu við endurskipulagningu námsbrauta og námsframboðs. Áætlað er eins og áður segir að kennt verði eftir þessum nýju námsbrautum og námsframboði á haustönn 2025.

Umfjöllun og saga fjallamennskunámsins

Fjallamennskunám FAS hefur verið í mótn frá 2010 og kennt með hléum og breytingum síðan þá. Breytingar sem orðið hafa á náminu eru gífurlegar í gegn um tíðina. Þróunin sem farið hefur fram er til þess fallin að þjóna tilgangi námsins sem best. Þeir sem hafa komið að þessari þróun eru reynt fjallafólk með mikla sérmenntun og þekkingu í sínu fagi. Tilgangur þess að móta og reka námið hefur verið sá að tryggja öryggi ferðamanna á jöklum og fjöllum, en ævintýraferðamennska hefur verið í mikilli sókn undanfarin ár.

Allt árið 2024 hefur farið fram mikil vinna í að hætta að kenna fjallamennskunám FAS og hætta við að hætta að kenna fjallamennskunám FAS. Í mars á þessu ári varð ljóst að fjárhagslega stendur skólinn ekki undir því lengur að reka þetta nám og var því ákveðið að hætta að kenna það með inngöngu haustið 2024. Þegar skólinn tilkynnti þessa ákvörðun þá skapaðist mikil óánægja í nærsamfélaginu og í skólanum. Í kjölfarið hófst vinna og samtöl um að afla náminu brautargengi. Sú vinna endaði með því að við auglýstum námið til áramóta og tókum inn nemendur á þeim forsendum.



Skólanefndin ásamt verkefnastjóra fjallamennskunámsins hélt vinnunni áfram og niðurstaðan var sú að námið verður einnig í námsframboði skólans á vorönn 2025 og mun þá fara fram síðasta útskrift FAS úr þessu námi. Það er von allra sem að þessu námi hafa komið hér í Framhaldsskólanum í Austur-Skaftafellssýslu og samfélagsins alls að það finnist lausn á rekstri námsins því það hefur sýnt sig að námið hefur mikla þýðingu fyrir ferðamennsku á Íslandi til að tryggja öryggi ferðamanna í stærsta atvinnuvegi þjóðarinnar.

Námið eru tvö sjálfstæð námsár, þó þannig að fyrra árið er undirbúningur undir seinna árið. Eftir nám í tvær annir er útskrift sem leiðsögumaður á jökli en eftir útskrift á öðru ári (eða fjórar annir) er útskrift sem leiðsögumaður á fjöllum. Hluti námsins hefur verið í samstarfi við AIMG félag fjallaleiðsögumanna.



Nemendapjónusta

Nemendapjónusta skólans er regnhlífaheiti fyrir hvers konar þjónustu við nemendur. FAS leitast við að veita nemendum skólans fjölbreytta þjónustu við hæfi hvers og eins. Markmið með þjónustunni er að vinna að farsæld og heill nemenda skólans og að tryggja jöfn tækifæri til náms fyrir öll. Í nemendapjónustuteymisitja; náms- og starfsráðgjafi, áfangastjóri, umsjónarmaður starfsbrautar og umsjónarkennari framhaldsskólabrautar. Náms- og starfsráðgjafi er einnig tengiliður farsældar og hefur það hlutverk að meta þjónustubörf og kynna samþættingu fyrir foreldrum og nemendum. Hann skipuleggur og fylgir eftir þjónustu á fyrsta stigi og tekur þátt í vinnu stuðningsteymis farsældar eftir því sem við á.

Þessi þjónusta hefur verið í mikilli uppbyggingu á þessu ári og mun sú uppbygging halda áfram.



Starfsbraut

Á síðustu misserum hefur eftirspurn eftir námi á starfsbraut skólans aukist. Í kjölfar þess var brautin endurskoðuð og þróuð með það að markmiði að mæta betur þörfum nemenda og tryggja að námið sé í takt við áherslur og væntingar samfélagsins. Ráðinn var umsjónarmaður starfsbrautar sem hefur það hlutverk að halda utan um brautina og nám nemenda sem á henni eru. Að auki situr hann í stuðningsteymum farsældar þegar við á.

Markmið starfsbrautar er að veita nemendum einstaklingsmiðaða almenna menntun þar sem áhersla er á að auka sjálfstraust, sjálfstæði og félagslega virkni nemenda. Allir áfangar á starfsbraut eru á 1. hæfniprepi, 135 einingar eru í kjarna og 105 í óbundnu vali. Nemendur á starfsbraut hafa tækifæri til að taka áfanga af öðrum hæfniprepum og námsbrautum ef þeir hafa áhuga og/eða hæfni til þess. Áætlað er að nemendur ljúki brautinni á þremur til fjórum árum.

Mannauður




Nemendur

Fjöldi nemenda og eininga á vorönn 2024			
Fjöldi nemenda:152, fjöldi eininga: 2931			
Vor 2024	Fjöldi nemenda	Einingar	
Fjallamennska	45	1100	
Kjörnámsbraut	22	412	Stúdentsbrautir
Náttúru- og raunvísindabraut	5	269	nemendur: 50
Hug- og félagsvísindabraut	22	599	einingar: 1280
Framhaldsskólabraut	8	190	
Starfsbraut	5	111	
Íslenska sem annað tungumál	4	10	
Ótilgreint nám	31	235	
*Ótilgreint nám eru nemendur í fjarnámi sem ekki eru skráðir á brautir			

Fjöldi nemenda og eininga á haustönn 2024			
Fjöldi nemenda: 155, fjöldi eininga: 2917			
Haut 2024	Fjöldi neme	Einingar	
Fjallamennska	55	906	
Kjörnámsbraut	23	427	Stúdentsbrautir
Náttúru- og raunvísindabraut	10	234	nemendur: 54
Hug- og félagsvísindabraut	21	432	einingar: 1093
Framhaldsskólabraut	12	276	
Starfsbraut	8	162	
Íslenska sem annað tungumál	4	10	
Ótilgreint nám	14	83	
*Ótilgreint nám eru nemendur í fjarnámi sem ekki eru skráðir á brautir			





Brotthvarf

Á vorönn í maí 2024 eru 141 nemandi skráður í skólann og á haustönn eru þeir 148. Þannig að á þessum tíma frá maí til desember þá hefur nemendum fjölgað um sjö.

Þegar myndin hér að neðan er skoðuð um brottfall nemenda má þar sjá að á vorönn 2024 er brottfallið í sögulegu lágmarki eða 7%. Það er mjög ánægjulegt að sjá svona tölur en hvort þær haldist við verður áhugavert að sjá.

Félagsstarf

Nemendafélag skólans er NEMFAS, Nemendafélag Framhaldsskólans í Austur-Skaftafellssýslu. Aðalfundir eru haldnir að vori og þá er kosin ný? stjórn.

Í Framhaldsskólanum í Austur- Skaftafellssýslu er félagsstarf metið til eininga, eina, tvær eða þrjár á önn, fer eftir eðli starfsins. Ein eining er fyrir að vera meðlimur í klúbbi en starf félagsins er byggt upp af stjórn, klúbbum og formönnum klúbba. Tvær einingar eru fyrir það að vera formaður í klúbbi og þrjár fyrir að vera í stjórn nemendafélagsins. Stjórn nemendafélagsins og formenn klúbba funda einu sinni í viku og á þeim fundum er leiðbeinandi kennari. Klúbbarnir hafa þær skyldur að funda einu sinni í viku og standa minnst fyrir einum félagslegum viðburði á önninni. Félagið heldur utan um félagslíf skólans og samstarf við Samband íslenskra framhaldsskóla (SÍF), en SÍF fulltrúi er einnig kosinn á aðalfundi félagsins og situr hann í stjórn NEMFAS.

Markmið starfsins eru háleit, viðtæk og lýðræðisleg. Stærsta markmiðið er þó að virkja helst alla nemendur til þátttöku. Skapa grundvöll þar sem nemendur taka virkan þátt í mótun þess samfélags sem þeirra skóli er, koma sínum hugmyndum og verkefnum í framkvæmd, að auka ábyrgð í fjármálum, að virkja félagsfærni, gefa rými fyrir opnum og gagnsæjum lýðræðislegum stjórnarháttum, ásamt því að þroska leiðtogaþæfni.





Starfsfólk

Í Framhaldsskólanum í Austur-Skaftafellssýslu vinnur öflugur hópur vel menntaðs fólks á öllum aldri. Skólinn hefur verið með tvenns konar móti núna í nokkur ár, þar sem er hinn hefðbundni framhaldsskóli annars vegar og hins vegar fjallamennskunám FAS. Í hefðbundna hlutanum eru kennarar allir í húsi með sína vinnuaðstöðu en kennarar í fjallamennskunámi vinna í lotum á fjöllum og bóklegir áfangar eru í fjarnámi.

Við skólann starfa skólaárið 2024 allir starfsmenn skólans, 32 á vorönn, en 34 á haustönn. Stöðugildi allra starfsmanna á vorönn voru 26 en á haustönn 25. Fjöldi starfsmanna og stöðugildi skiptust eins og hægt er að sjá á töflunni hér að neðan.

Fjöldi starfsmanna í FAS árið 2024			Stöðugildi í FAS árið 2024		
	V_24	H_24		V_24	H_24
Fjöldi kennara í húsi	17	19	Starfsígildi kennara í húsi	12,2	12,8
Fjöldi fjallamennskukennara	11	12	Starfsígildi fjallamennskukennara	8	6,5
Fjöldi allra kennara	28	31	Starfsígildi - allir kennarar	20,2	19,3
Aðrir starfsmenn	4	4	Starfsígildi annarra starfsmanna	5,9	5,8
Allir starfsmenn - fjöldi	32	34	Allir starfsmenn - fjöldi	26	25

Sjálfsmat

Sjálfsmat er hluti af lögbundinni starfsemi skólans. Þar sem þessi skýrsla nær yfir almanaksárið er hluti skýrslunnar óunninn þegar þetta er skrifað. Á þessu ári 2023-2024 er matið unnið af Herdísi Waage í samvinnu við sjálfsmatsteymi sem í sitja skólameistari og áfangastjóri. Tilgangur sjálfsmats er að stuðla að framgangi settra markmiða, endurskoðun á þeim og stuðla þannig að umbótum og auknum gæðum í skólastarfinu. Framkvæmdaráætlun sjálfsmats er fylgt í því mati.

Matsþættir	H23	V24	H24	V25	H25	V26	H26	V27
Kennitölur	X	X	X	X	X	X	X	X
Áfangamat nemenda		X	X			X	X	
Mat á skólastarfi		X		X		X		X
Mat fyrrverandi nemenda		X		X		X		X
Skólafundur	X	X	X	X	X	X	X	X
Umhverfismál		X		X		X		X
Umbótamat	X	X	X	X	X	X	X	X
Uppgjörsfundur	X	X	X	X	X	X	X	X

Hér má sjá að meiningin var á vorönn 2024 að gera könnun meðal fyrrverandi nemenda, en það komst ekki til framkvæmda. Umbótamat á haustönn 2023 var unnið umbótamat 2023-2027 og er það birt í sjálfsmati skólans hér. Markmiðið er að umbótamat sé sjálfstætt mat sem fylgir sjálfsmati.

Þróun á innra starfi

Skipulögð hefur verið fyrirlestraröð um leiðsagnarmat sem Ívar Rafn Jónsson mun halda í skólanum fyrir kennara og stjórnendur.

Umfangsmikil vinna hefur farið fram á þessu ári í endurritun á skólanámskrá, nýjar námsbrautir og yfirferð á námsframboði skólans. Einnig hafa reglur skólans verið uppfærðar með það í huga að stuðla að einföldun og skýrleika.

Upplýsingagjöf

Inna er upplýsinga- og kennslukerfi skólans sem heldur utan um alla þætti náms hjá nemendum, m.a. einkunnir, ástundun, námsferil, stundatöflu, námsáætlanir áfanga o.fl. Einnig er nýttur námsvefurinn Moodle. Mikil áhersla er lögð á að bæði nemendur og kennarar nýti sér allt það sem kennslukerfi skólans hefur upp á að bjóða. Skólinn notar Orra (Oracle) og Akra til utanumhalds fjárveitinga, en þetta eru innri vefir Fjársýslu ríkisins, til bókhalds og innheimtu o.fl.



Hluti af upplýsingagjöf í skólastarfinu, ný skólanámskrá og ný vefsíða sem byrjað var að vinna að á seinni hluta ársins 2024. Það er nú sýnt að vegna mikilla anna þá kemst nýja heimasíðan ekki í loftið fyrr en á vormánuðum 2025.

Á vefsíðu skólans má finna fréttir af því helsta sem er að gerast í skólalífinu hverju sinni sem og einnig hlekki á þá samfélagsmiðla sem skólinn nýtir sér til upplýsingagjafar. Fréttabréf fyrir foreldra, Fjasarinn, er einnig að finna á heimasíðu skólans.

Í nútímasamfélagi eru tæknimál stór hluti af upplýsingagjöf. Mikið af búnaði skólans í þeim málaflokki hefur þarfnast uppfærslu og hefur sú áætlun sem gerð var með Tindum Tæknilausnum 2023 staðist að fullu. Um áramótin fór fram næst síðasta uppfærslan og á þá einungis eftir að uppfæra netþjón sem gert verður á næsta ári eða 2025.

Fjármál og rekstur

Ársreikning stofnunarinnar má finna í heild sinni á heimasíðu skólans.
Rekstrarreikningur

Yfirlit um afkomu ársins 2024

	Skýr	2024	2023
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	2	360.379.909	294.207.078
Seld þjónusta	3	14.114.999	11.857.076
Framlög og ýmsar tekjur	4	10.425.772	11.203.518
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrir ára	2	8.045.182	7.706.219
Tekjur samtals		392.965.862	324.973.891
Gjöld			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður	5	349.863.560	308.498.558
Annar rekstrarkostnaður	6	65.161.634	67.755.406
Afskriftir og niðurfærslur	7	8.045.182	7.706.219
Gjöld samtals		423.070.376	383.960.183
Afkoma fyrir fjármagnsliði		(30.104.514)	(58.986.292)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður		8.973	38.025
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap		(51.580)	(38.179)
		(42.607)	(154)
Afkoma ársins		(30.147.121)	(58.986.446)
Afkoma ársins skiptist þannig eftir fjárheimildaliðum			
Rekstur	2	(41.352.121)	(58.986.446)
Rekstrartilfærslur		11.205.000	0
		(30.147.121)	(58.986.446)

Efnahagsreikningur 31. desember 2024

	Skýr	31.12.2024	31.12.2023
Eignir			
Handbært fé	8	3.289.236	2.684.007
Viðskiptakröfur		120.593	32.718
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður		63.179	211.519
Varanlegir rekstrarfjármunir	10	20.725.264	23.608.318
Eignir samtals		24.198.272	26.536.562
Skuldir			
Tengdir aðilar	9	101.957.278	89.550.573
Viðskiptaskuldir	13	7.593.294	3.061.551
Ýmsar skammtímaskuldir	11	30.611.919	17.096.354
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda	12	8.754.960	11.400.142
Skuldir samtals		148.917.451	121.108.620
Eignir samtals að fráðregnum skuldum samtals		(124.719.179)	(94.572.058)
Eigið fé			
Hrein eign	13	(124.719.179)	(94.572.058)
Eigið fé samtals		(124.719.179)	(94.572.058)
Eigið fé og skuldir samtals		24.198.272	26.536.562

Samstarf

Skólinn tekur þátt í samstarfi við ýmsa aðila um margs konar verkefni stór og smá.

Evrópuverkefni hafa verið þrenns konar, nemendaskiptaverkefni, styrkir til nemenda og kennara til starfsnáms og menntunar- og rannsóknarverkefni þar sem til verður kennslu/upplýsingaefni fyrir frumkvöðla. Einnig er skólinn í samstarfi við Nord+ um nemendaskiptaverkefni.

Styrkjaverkefni á vegum Erasmus+ til fimm ára þar sem nemendum og kennurum gefst tækifæri á að nýta eftir því sem skólanum hentar. Sá styrkur hefur verið notaður mest í fjallamennsku, með þátttöku í verkefnum erlendis og einnig hafa nemendur í fjallamennsku farið í starfsmenntaskiptináms í tengslum við franskan skóla þar sem aðaláherslan er á ævintýraferðamennsku.

Erasmus+ ferðir FAS skólaárið 2024–2025: Fjöll, fagmennska og alþjóðleg tengsl

Nemendur og kennarar við fjallamennskubraut FAS hafa nýtt Erasmus+ styrkinn sem skólinn hlaut til að taka þátt í tveimur lærdómsríkum og eftirminnilegum ferðum til útlanda.

Í janúar hélt hópur sjö kennara í starfsþróunarferð til Pyreneafjalla á Spáni þar sem þau sóttu námskeið hjá IFMGA-fjallaleiðsögumanninum Roger Martorell. Markmið námskeiðsins var að efla þekkingu og færni í kennslu á fjallaskíðum. Þar var meðal annars fjallað um snjóflóðahættu, leiðarval og hópstjórnun við krefjandi aðstæður. Kennararnir fengu dýrmæt tækifæri til að spegla eigið starf í kennsluháttum Rogers og sækja sér nýjar hugmyndir til kennslu og leiðsagnar hjá FAS.

Í mars fóru svo átta nemendur á öðru ári á fjallamennskubraut FAS í námsferð til Åre í Svíþjóð að heimsækja Åredalens Folkögskola. Þar tóku nemendur þátt í fjölbreyttum útvistarverkefnum og fengu innsýn í hvernig útinám og fjallaleiðsögn er skipulögð og framkvæmd í skandinavísku samhengi. Ferðin var bæði skemmtileg og fræðandi og stuðlaði að auknu sjálfstæði, samvinnu og faglegum þroska þátttakenda.

Erasmus+ starfið hefur þannig reynst öflugt tæki til að víkka sjóndeildarhring bæði kennara og nemenda og styrkja alþjóðlega tengslamyndun innan útináms og fjallamennsku.

NATURAL RESOURCES AND HOW TO UTILIZE THESE IN RURAL AREAS IN FINLAND, ICELAND AND NORWAY er heitið á tveggja ára Nordplus Junior verkefni sem beinist að sjálfbærri þróun, loftslagsbreytingum, jarðminjum og menningarsögu á þremur dreifbýlissvæðum í Finnlandi, Noregi og á Íslandi. Verkefnið hófst haustið 2023 og lýkur núna á sumri komanda. Helsta markmið með verkefninu er að kanna hvaða náttúruauðlindir eru á svæðum þátttökulandanna og hvernig þær eru nýttar. Einnig að kynnast sögu og menningu svæðanna.

Þrír skólar vinna saman í verkefninu. Það eru **Vaalan lukio** frá Finnlandi, **Brønnøysund videregående skole** frá Noregi og **Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu (FAS)**. Skólarnir eiga það sameiginlegt að vera frekar litlir og eru



fremur einangraðir landfræðilega. Til að styðja við og styrkja verkefnið eru þrír jarðvangar og einn þjóðgarður samstarfsaðilar. Þeir eru allir á heimsminjaskrá UNESCO vegna sérstöðu sinnar. Þetta eru Rokua jarðvangur í Finnlandi, Trollfjell jarðvangur í Noregi, Katla jarðvangur á Íslandi og Vatnajökulsþjóðgarður á Íslandi.

Verkefninu er ætlað að fræða nemendur um norræna menningu, mannkynssögu, sjálfbær samfélög, náttúruauðlindir og vistkerfi með aðaláherslu á heimabyggð nemenda. Á hverri önn var eitt af þáttökulöndunum heimsótt og miðaði verkefnavinna að því að undirbúa þá heimsókn. Farið var í heimsókn til Íslands haustið 2023 og í mars 2025 verður Ísland heimsótt aftur. Skólinn í Noregi var heimsóttur vorið 2024 og finnski skólinn haustið 2024.

Sex af sjálfbærnimarkmiðum Sameinuðu þjóðanna voru valin sérstaklega til að vinna með og mótuðu þau ramma fyrir námið hverju sinni. Í heimsóknum var gjarnan leitað til sérfræðinga á ýmsum sviðum til að hafa sem bestar upplýsingar. Verkefninu er einnig ætlað að stuðla að þekkingu og skilningi á norrænum tungumálum, menningu og sérstöðu.

Á heimasíðu verkefnisins <https://nr.fas.is/> er hægt að skoða verkefnavinnu og hvað var gert í hverri heimsókn.



Í **ForestWell** verkefninu er unnið að gerð námsefnis í samstarfi menntastofnanna og fyrirtækja á sviði markaðsmála og stafrænna lausna frá Danmörku, Finnlandi, Írlandi, Íslandi og Slóveníu sem stýrt hefur verkefninu. Markmið ForestWell verkefnisins er að vinna rafræna náms- og þjálfunarpakka fyrir ferðaþjónustu-, upplifunar- og heilsueflingarfyrirtæki auk menntastofnanna. Megininntak námsefnisins sem unnið hefur verið að er að bjóða fram leiðir til að nýta velferðaráhrif skógar- og kjarrlendis til heilsueflingar og atvinnusköpunar annars vegar, og stuðla að velferð skóga og gróinna svæða hins vegar. Í verkefninu hefur einnig verið unnið að uppbyggingu tengslanets aðila sem tengjast skógrækt, almennri náttúruvernd, heilsueflingu og menntun. Námsefni ForestWell er sett fram á rafrænan hátt á heimasíðu verkefnisins og er það þar í opnu rafrænu námsumhverfi (MOOC - Massive Open Online Course) og á formi gagnaukins veruleika (AR Augmented Reality).

Samstarf þáttökuaðila verkefnisins hefur að mestu farið fram rafrænt en þó hafa verið haldnir verkefnafundir í raunheimum í Finnlandi, Slóveníu og á Írlandi. Í byrjun júní 2024 hafði verið blásið til fundar á Höfn en skemmst er frá því að segja að íslenska vorið tók á móti fundargestum á frekar kaldranalegan máta og komust þeir ekki lengra en á Selfoss þar sem öllum leiðum til Hafnar hafði verið lokað vegna veðurs. Þessi fundur fór því að hluta fram á netinu og í skólastofu á Selfossi.

Haustið 2024 var á vegum verkefnisins haldinn fjölmennur skógardagur þar sem fjölbreytt skógarupplifun var í boði auk þess sem 109 trjám var plantað af nemendum og starfsfólki úr bæði Grunnskóla Hornafjarðar (6. og 7. bekkur) og FAS. Viðburðurinn var haldinn í Haukafelli í góðu samstarfi við Skógræktarfélag Austur-Skaftafellssýslu. Nemendur FAS, bæði þeir sem stunda hefðbundið nám við skólann og fjallamennskunám ásamt nokkrum kennurum tóku síðan þátt í að prufukeyra námsefni verkefnisins skólaveturinn 2024.

ForestWell verkefninu átti að ljúka á vordögum 2025 en eftir tilmæli frá landsskrifstofu Erasmus+ í Slóveníu var það framlengt fram til hausts 2025. Síðustu mánuði verkefnisins verður unnið að því að hnýta lausa enda og klára alla skýrslugerð.

Svavarssafn sem rekið er af Sveitarfélaginu Hornafirði og með þeim sem þar er í forsvari höfum við verið í samstarfi um gestakennara í listgreinum ásamt leiðsögn listamanna sem eru með sýningar í Svavarssafni. Vatnajökulspjóðgarður og FAS undirrituðu samstarfsyfirlýsingu 2022 þar sem kveðið var á um að byrja að kanna möguleika á því að skólinn stæði að landvarðanámi. Sú vinna hefur nú farið fram á árinu og fékkst leyfi Umhverfisstofnunar til kennslu í landvörslu seint á árinu 2024 og munu fyrstu menntuðu landverðirnir úr því námi útskrifast vorið 2025.

HeimaHöfn er verkefni á vegum þekkingaseturs Nýheima. Verkefnið snýr að því að ungmenni geri sér betur grein fyrir menntunarlegum valkostum sínum og þeim atvinnutækifærum sem búa í heimabyggð. Nemendur og kennarar FAS hafa verið þátttakendur í verkefninu.

Nýheimar er heimili FAS og erum við svo heppin að þar eru einnig til húsa margar meginmenningarstöðir samfélagsins. Í Nýheimum er til staðar Menningarmiðstöð Hornafjarðar, þekkingasetur og háskólaþekkingasetur. Við erum í tengingu við allar þessar stofnanir á einn eða annan hátt og tökum þátt í þeirra starfsemi eftir því sem það hentar framhaldsskólanum.

Grunnskóli Hornafjarðar er mikilvæg stofnun í samfélaginu eins og gefur að skilja. Síðustu ár hefur samstarf grunnskólans og framhaldsskólans verið mikið í umræðunni hér í skólanum. Markmiðið er að hafa snertifleti starfsins fyrirsjáanlega, vel skipulagða og sem flesta. 10. bekk er boðið á kynningu um skólann og einnig í eina kennslustund á vorönn í áfanga sem nefnist Inngangur að framhaldsskóla. Skólinn tekur einnig þátt í þeim blönduðu viðburðum sem fram fara á vegum sveitarfélagsins fyrir nemendur grunnskólans. Síðan haustið 2024 sér starfs- og námsráðgjafi skólans um kynningar á framhaldsskólanum inn í grunnskólann.

Haustið 2024 tók skólinn ekki inn nemendur í nám í vélstjórn A, þrátt fyrir eftirspurn. Ástæðan fyrir því var skortur á kennurum





á svæðinu en á vorönn sama árs fór skólinn í samstarf við Tækniskólann. Var tilgangurinn að þeir nemendur sem voru innritaðir í námið gætu klárað og útskrifast með þessu móti. Þetta samstarf var þungt í vöfum og tókst ekki sem skyldi. Kennt var í fjarnámi og eins þurftu nemendur að fara í vinnulotur til Reykjavíkur, sem er ekki góður kostur.

Þegar þetta var orðið ljóst, þ.e. að ekki væri möguleiki á kennara í greininni hér á svæðinu, þá byrjaði skólinn í samræðum um námið við fyrirtæki hér á svæðinu um grunnnám í málmtækni. Einnig er virk samræða við þá skóla á landsbyggðinni sem eru að kenna grunnnám og vélstjórn. Þessar samræður hafa borið einhvern árangur, en enn getum við þó ekki auglýst námið, og vinnan heldur áfram.

Foreldrafélag er starfandi í skólanum. Aðalfundur þess er haldinn að hausti.

„Menntun er besta vörnin gegn fordómum og fáfræði.“

Vigdís Finnbogadóttir



Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu - Nýheimum - 780 Höfn - Sími 470 8070 - www.fas.is